

# LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 91-29899, 630325, 630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

## 2. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöll 13. jan. 1995.

**Mættir voru:** Guðbrandur Kjartansson, Sigfús Guðmundsson, Halldór Gunnarsson, Ágúst Oddsson, Sigurgeir Bárðarson, Sigbjörn Björnsson, Kristján Auðunsson, Sigurður Þórhallsson, Kolbrún Kristjánsdóttir, Jón Bergsson. Guðmundur Jónsson mætti síðar á fundinn.

Varaformaður setti fund stundvíslega og bauð fundarmenn velkomna. Minnti hann stjórnarmenn á að hreinskilningslegar umræður kölluðu á trúnað.

### 1. Skipað í starfsnefndir.

#### 1) Ferða- umhverfisnefnd L.H.

Varaformaður hóf umræður um starfslýsinguna nefnda. Sig. Þórh. gerði grein fyrir starfslýsinguna fyrir ofangreinda nefnd. Haft hefur verið samband við Þórð Ólafsson og vildi hann starfa en ekki vera formaður. Nefndin hefur fengið starfslýsinguna og eru eftirtaldir skipaðir í hana:  
Kristmundur Halldórsson formaður, Þórður Ólafsson, Óttar Kjartansson, Guðrún Fjeldsted, Einar Bollason.

Sig. Þórhallsson ræddi um bréf um vegamál og framlög til reiðvega.

#### 2) Skipuritsnefnd.

Gerð grein fyrir störfum nefndarinnar og samþykkt að senda uppkast til stjórnarmanna.

#### 3) Mótanefnd L.H.

Eftirtaldir voru skipaðir í mótanefnd L.H.:

Sigbjörn Björnsson formaður, Elísabet Þórólfsdóttir, Haraldur Haraldsson, Halldór Gunnarsson.

Fimmti maðurinn í nefndina verður tilnefndur af HÍS síðar.

#### 4) Reiðveganefnd L.H.

Nokkur umræða varð um úthlutun reiðvegafjár og skipun reiðveganefndar.

Eftirtaldir voru skipaðir í nefndina:

Sigfús Guðmundsson, formaður, Jón Bergsson, Birgir Rafn Gunnarsson.

Stjórnin telur eðlilegt að reiðvegafénu sé úthlutað til félaganna vítt um landið þótt hefð sé fyrir því að tölverður hluti fjárins hafi á undanförnum árum runnið í þann fjórðung sem stórmót er haldið þ.e. fjórðungs- og landsmót. Nefndin leggur tillögu sína um úthlutun fyrir stjórnarfund síðar. Sig. Þ. falið að afla upplýsinga frá félögunum vegna úthlutunar 1995.

### **5) Skógarhólanefnd.**

Gunnar B. Gunnarsson, Kristján Auðunsson, Hreinn Ólafsson.  
Nefndin skipi sjálf formann nefndarinnar.

### **6) Keppnisnefnd (milliþinganefnd).**

45. ársþing L.H. haldið á Hvolsvelli 28. og 29. október 1994 samþykkti að stjórn L.H. skipi nefnd sem skuli endurskoða í heild reglugerð um gæðingakeppni svo og reglugerð um barna- og unglingsakeppni. Stjórnin ræddi tölувert um skipun þessarar nefndar, en samkvæmt tillögu þingsins er kveðið á um að í nefndinni starfi dýralæknir, vanur keppnismaður og reyndur dómarí. Ragnar Petersen formaður, Þorvaldur Ágústsson, Águst Oddsson, Atli Guðmundsson, Sigurður Ævarsson.

Varamenn eru: Brynjólfur Sandholt, Sigurður Sæmundsson.

Auk áður nefndrar endurskoðunar er varðar reglugerð um gæðingakeppni svo og reglugerð um barna- og unglingsakeppni hefur nefndin með höndum önnur verkefni sem fram koma í erindisbréfi hennar svo og aðrar samþykktir þingsins sem beint var til nefndar er varðar keppni í ofangreindum flokkum.

### **7) Nefnd um agamál.**

Formaður las bréf L.H. til HÍS dags. 10. des. 1994.

Í bréfinu er fjallað um samþykkt 45. ársþings L.H. þar sem segir m.a.: ..."að þingið skorar á stjórn L.H. að beita sér fyrir því í samvinnu við stjórn HÍS að samin verði ein reglugerð um agamál sem gildi fyrir bæði samtökin. Drög að þessari reglugerð verði lögð fyrir 46. ársþing L.H.". Stjórnin ræddi þessi mál allnokkuð og var ákveðið að skipa eftirtalda til viðræðna við HÍS:

Guðmund Jónsson, Þormar Ingimarsson, Kristján Auðunsson.

### **8) Mannvirkjanefnd.**

Sigurður Þórhallsson reifaði þessi mál. Hann benti á mismun í gerð hringvalla eins og 200m, 250m og 300m valla. HÍS hefur ákveðna mannvirkjanefnd að störfum. Rætt var um að skipa mannvirkjanefnd L.H. eða að stjórnin sjálf hafi þetta mál í sínum höndum. Afgreiðslu málsins að öðru leyti frestað.

### **9) Æskulýðsnefnd.**

Stjórnin skipaði eftirtaldar konur í nefndina:

Kolbrún Kristjánsdóttir, Eydís Indriðadóttir, Arna Kristjánsdóttir.

HÍS tilnefnir two fulltrúa til samstarfs um æskulýðsmál.

Stjórnin tilnefnir Guðmund og Sigrús til að vinna frekar að stefnumörkum um æskulýðsmál f.h. stjórnar.

## **2. Staðarval landsmóts 1998.**

Formaður las bréf frá eyfirska félögunum, Funa, Létti, Hring og Práni annars vegar og bréf frá skagfirska félögunum, Stíganda, Svaða og Léttfeta. Bæði bréfin fjalla um sama efni þ.e. þau fela í sér umsóknir þessara aðila um að taka á móti landsmóti L.H. 1998. Eyfirska félögin bjóða fram Melgerðismela og skagfirska félögin bjóða fram Vindheimamela. Málin voru rædd vítt og breitt og tóku allir fundarmenn til máls. Stjórnin telur eðlilegt að fundur verði

haldinn með norðlensku félögunum þar sem staðarval landsmótsins 1998 verði aðalfundarefnið. Hugmynd er um að halda stjórnarfund L.H. jafnframt þessum fundi og yrði hann þá haldinn fyrir norðan. Til þess að stjórnin geti gert sér grein fyrir ágæti staðanna beggja þarf hún að fara og skoða þá þegar snjóa leysir og aðstæður leyfa. Stjórn L.H. er vel ljóst að nauðsyn ber til að farsæl lausn fáist í þessu máli. Varðandi fyrrnefnd bréf norðlensku félaganna felur stjórnin framkvæmdastjóra L.H. að rita báðum aðilum bréf þar sem fram komi hvernig stjórnin hyggst stíga fyrstu skrefin í átt að ákvarðanatöku.

### **3. Staðfesting á Íslands meti.**

Mótanefnd L.H. kom saman til fundar 19. des. 1994 til að fjalla um staðfestingu á Íslands meti í 300m brokki sem sett var á LM'94. Metið setti Neisti frá Hraunbae í úrslitahlaupi. Tíminn er 29:00 sek. Knapi og eigandi hestisins er Guðmundur Jónsson. Nefndin lagði til við stjórn að metið yrði staðfest og var það gert samhljóða.

4. Sigurður P. gerði grein fyrir fjárhagsstöðu L.H. vegna ársins 1994 og er rekstur ársins í nokkuð góðu jafnvægi.
5. Sigurður P. dreifði pappírum er varða breytingar á vegalögum. Upphafið á fjöldritinu hefst þannig: "Frumvarp til laga um breytingar á vegalögum nr. 45/1994. Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994-1995.
6. Sigurður P. greindi frá viðtali sem birtist í Tímanum 28. des. þar sem kunnur hestamaður heldur því fram að keppni í B-flokki á landsmótinu hafi verið ólögleg þ.e.a.s. úrslitakeppnin sjálf. Sigurður hefur svarað þessum fullyrðingum f.h. stjórnar. Þar kemur fram að keppnin hafi að öllu leyti farið fram eftir reglum L.H.
7. Umræður um rekstur skrifstofu L.H. Formanni falið að ræða við starfsfólk skrifstofu um aðgerðir.
8. Í 1. gr. reglugerðar um lyfjaeftirlit segir m.a. "stjórn L.H. ákveður eigi síðar en í desember ár hvert hversu mörg lyfjapróf taka skuli á komandi keppnistímabili". Stjórnin samþykkti að 10 próf skuli tekin á árinu 1995.

Guðmundur Jónsson  
Ágúst Oddsson  
Sigfús Guðmundsson  
Sigurgeir Bárðarson

Guðbrandur Kjartansson  
Jón Bergsson  
Sigbjörn Björnsson  
Kristján Auðunsson